

# Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra 2019-2023



# HÚNAÞING VESTRA

## Inngangur

Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt allra einstaklinga. Jafnréttisnefnd/félagsmálaráð skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn. Jafnrétti er sameiginlegt réttlætismál einstaklinga með velferð þeirra að leiðarljósi.

## Markmið

Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Allir einstaklingar skulu njóta grundvallar mannréttinda án tillits til kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu. Áhersla er lögð á frumkvæði sveitarfélagsins í jafnréttismálum.

## Nefndir og ráð

Í nefndum, ráðum og stjórnun sveitarfélagsins skulu sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir. Því jafnari sem hlutföll kvenna og karla eru við stefnumótun, því meiri líkur eru á að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni allra. Þetta á einnig við um þar sem unnið er að pólitískum markmiðum.

## Kynjasambætting

Er verklag sem sveitarfélagið vinnur eftir með það að leiðarljósi að stofnanir sveitarfélagsins hugi að jafnrétti allra einstaklinga með þjónustu sinni.

## Ráðningar

Við ráðningar skal í öllu fylgja jafnréttislögum. Fastar stöður hjá stofnunum sveitarfélagsins skulu ávallt auglýstar lausar til umsóknar. Koma skal fram í auglýsingu hvatning þess efnis að öll kyn sæki um störf.

## Launajafnrétti

Vinna skal að því að jafna frekar kjör kynjana í sveitarfélaginu og að allir njóti sömu kjara og réttinda fyrir sambærileg störf. Áhersla skal lögð á að frétttaflutningur og umfjöllun á vefsíðu sveitarfélagsins taki mið af jafnréttissjónarmiðum.

## Stuðningur við fjölskyldur

Mikilvægt er að hvetja alla foreldra til þess að nýta fæðingarorlof sitt. Öllum börnum frá 12 mánaða aldri skal standa til boða leikskólapláss eða dagvistunarúrræði þar til lögbundin skólaganga hefst. Mikilvægt er að starfsmenn njóti sveigjanleika vegna samræmingar starfs- og fjölskylduábyrgðar. Tekið skal tillit til starfsmanna sem þurfa að taka á sig aukna fjölskylduábyrgð vegna óviðráðanlegra eða brýnna fjölskylduáðstæðna. Auka skal sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduáðstæðna starfsmanna og þarfa vinnustaðarins. Tryggja skal nægilega þjónustu við aldraða og öryrkja í sveitarfélaginu, þeir hafi kost á að búa á heimili sínu eins lengi og unnt er.

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustöðum sveitarfélagsins. Polandi skal engan skaða bera á ráðstöfunum sem gripið er til í slíkum tilvikum. Stjórnendur skulu ráðfæra sig við fagfólk vegna þessa.

## Jafnréttisfræðsla

Vinna skal markvisst að jafnréttismálum í sveitarfélaginu og stuðla að fræðslu um þau. Tryggja skal starfsfólki t.d. í skólum, íþróttamiðstöð, félagsmiðstöð og annars staðar þar sem fram fer starf með börnum og unglungum, fræðslu til að gera það meðvitaðra og hæfara til að vinna að jafnari stöðu kynja. Í skólastarfi skal lögð áhersla á að búa einstaklinga undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífsins, m.a. með fræðslu um jafnréttismál. Í skólastarfi skal einnig gætt að þörfum og áhugasviðum allra kynja.

## Jafnréttisráðgjöf

Jafnréttisnefnd skal vera leiðbeinandi í jafnréttismálum fyrir starfsmenn og stjórnendur í sveitarfélaginu. Ef einstaklingur eða hópur telur sér mismunað með tilliti til kynferðis skal jafnréttisnefnd veita viðkomandi aðstoð við að leita réttar síns. Þetta á m.a. við um kærur til Kærunefndar jafnréttismála.

## Kynning

Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra skal send stjórnendum sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is).

## Framkvæmdaáætlun 2019 – 2023.

1. Bréf skal sent til stjórnmalaflokka/framboða og athygli vakin á jafnréttissjónarmiðum við val á fulltrúum til starfa í nefndum, ráðum og stjórnnum.
  - Umsjón skal vera í höndum jafnréttisnefndar/félagsmálaráðs fyrir næstu kosningar.
2. Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kannað á fjögurra ára fresti.
  - Umsjón er í höndum jafnréttisnefndar/félagsmálaráðs eigi síðar en ári eftir kosningar og skal niðurstaða kynnt í fundargerð nefndarinnar.
3. Unnið skal að kynjasamþættingu hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins.
  - Umsjón er í höndum starfsmanna fjölskyldusviðs.
4. Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun skal alltaf standa til boða og vera óháð kyni.
  - Umsjón er í höndum stjórnenda stofnanna og umsjón með fræðsluáætlun er í höndum starfsmanna.
5. Unnið skal að fræðslu um jafnréttismál, kynbundið ofbeldi/áreitni og/eða kynferðislegt ofbeldi/áreitni.
  - Umsjón er í höndum jafnréttisnefndar/félagsmálaráðs og skal árlega eitt ákveðið málefni tekið fyrir.
6. Starfsauglýsingar frá sveitarfélaginu skulu settar fram með jafnréttissjónarmið í huga, meðal annars að hvetja einstaklinga óháð kyni að sækja um.
  - Umsjón er í höndum sveitarstjóra og stjórnenda sveitarfélagsins við birtingu auglýsinga. Einnig er bent á 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008.
7. Unnið skal að jafnlaunavottun verði kláruð fyrir maí 2020
  - Umsjón er í höndum fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Samþykkt á 208. fundi félagsmálaráðs/jafnréttisnefndar þann 04.12.2019